

Nd. 282. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsókna á verzlunarviðskiptum við herlið Bandaríkjanna og verktaka þess á Íslandi.

Flm.: Einar Olgeirsson, Karl Guðjónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa fimm manna rannsóknarnefnd innan- deildarmanna samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka:

1) hvaða sala á þeim varningi, er herlið Bandaríkjanna á Íslandi eða verk- takar í þjónustu þess hafa flutt inn tollfrjálst, hefur farið fram með leyfi íslenskra stjórnarvalda;

2) hvort farið hafi verið að lögum og settum reglum um þau viðskipti;

3) hvers vegna hluti af þeim viðskiptum sé framkvæmdur af öðrum aðilum en þeim, sem ríkisstjórnin hefur falið þessa verzlun;

4) hvaða einkaaðilar séu kaupendur og hvern ágóða þeir muni hafa haft af þeim viðskiptum.

Nefndin skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

Það er því brýn þörf á, að rannsókn fari fram á þeim verzlunarviðskiptum, sem fram hafa farið við herlið Bandaríkjanna hér á landi og/eða verktaka þess, og almenningur fái að vita hið sanna í þessum efnum, en þing og stjórn fái aðstöðu til þess að grípa til þeirra aðgerða, er nauðsynlegar kunna að verða í þessu máli.

Er því lagt til, að deildin skipi rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrár- innar til þess að kryfja þetta mál allt til mergjar.

rikisstjórnarinnar og þá með þeim skilyrðum, er tonnyrvoðin setja. Í framkvæmu- inni hefur það samkvæmt yfirlýsingu fjármálaráðherra verið eitt þessara skilyrða, að slíkar vörur séu afhentar ríkisstjórninni til þess að selja þær aftur út innan- lands.

Samkvæmt frásögn dagblaðsins Tímans 26. febr. s. l. hefur ákveðið nafngreint fyrirtæki flutt s. l. haust „út af Keflavíkurflugvelli alls konar varning, m. a. vélar og bíla, fyrir fleiri hundruð þúsund krónur“. Telur blaðið, að hér muni vera um að ræða „varning, sem að matsverði er talinn a. m. k. 600000 króna virði“. Eftir nánari athugun fullyrðir blaðið síðan 27. febr., að líklegt sé, að þessi varningur „hafi verið seldur aftur með milljónagróða“. Krefst blaðið rannsóknar á, hvert þessar vörur hafi farið og fyrir hvaða verð, hvað nafngreind fyrirtæki hafi grætt mikið fé á þessum viðskiptum, hver hlutur einstaklinga sé í þeim gróða og hvort öll kurl komi þar til grafar samkvæmt skattalöggjöf og verðlagsákvæðum.

Samkvæmt frásögn dagblaðsins Morgunblaðsins 22. febr. s. l. er talið, að við- skipti hafi farið fram við herliðið á Keflavíkurflugvelli, er geti gefið vissum aðilum „milljóna- eða milljónatuga hagnað“ og baki ríkissjóði stórtjón.

Það er því brýn þörf á, að rannsókn fari fram á þeim verzlunarviðskiptum, sem fram hafa farið við herlið Bandaríkjanna hér á landi og/eða verktaka þess, og almenningur fái að vita hið sanna í þessum efnum, en þing og stjórn fái aðstöðu til þess að grípa til þeirra aðgerða, er nauðsynlegar kunna að verða í þessu máli.

Er því lagt til, að deildin skipi rannsóknarnefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrár- innar til þess að kryfja þetta mál allt til mergjar.